

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Daktacort 20 mg/g+10 mg/g krem

miconazolnítat+hydrocortison

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningurinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækningurinn, lyfjafræðingurinn eða hjúkrunarfræðingurinn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 7 daga.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Daktacort og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Daktacort
3. Hvernig nota á Daktacort
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Daktacort
6. Þakkingar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Daktacort og við hverju það er notað

Daktacort inniheldur sveppaeyðandi lyf (miconazol) og vægan stera sem er kláðastillandi og bólgu-eyðandi (hydrocortison).

Daktacort er notað við fótisveppum þegar óþægilegur kláði fylgir hjá fullorðnum og börnum 10 ára og eldri.

Verið getur að lækningurinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

2. Áður en byrjað er að nota Daktacort

Ekki má nota Daktacort

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir miconazoli, hydrocortisoni, öðrum svipuðum sveppalyfjum eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef þú ert með veirusýkingu í húð (kúabóla, hlaupabóla og áblástur) eða ákveðnar bakteríusýkingar í húð (húðberklar).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækni, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingi áður en Daktacort er notað.

- Gæta skal varúðar þegar Daktacort er borið á. Forðist snertingu við augu. Því skal ávallt þvo hendurnar eftir að lyfið er borið á.
- Þar sem Daktacort getur skemmt sum gerviefni er mælt með því að notuð séu nærföt úr bómull, ef þau komast í snertingu við húðina á þeim hluta líkamans sem er meðhöndlaður.

- Forðast skal snertingu við latexvörur (t.d. getnaðarvarnarhettur og smokka úr latexi) þar sem innihaldsefni Daktacort geta skemmt latexvörur.
- Hafðu samband við lækni ef þú færð þokusýn eða aðrar sjóntruflanir.

Börn

Daktacort skal ekki nota handa börnum yngri en 10 ára, nema að ráði læknis. Fótsveppur er sjaldgæfur hjá börnum.

Notkun annarra lyfja samhliða Daktacort

Látid lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Daktacort getur haft áhrif á meðferð með blóðþynningarlyfjum til inntöku, t.d. warfarin. Ef þú ert á meðferð með blóðþynnandi lyfi getur verið að lækningin vilji hafa eftirlit með verkun þeirrar meðferðar.

Verkun og aukaverkanir ákveðinna annarra lyfja geta aukist ef þau eru notuð samhliða Daktacort. Dæmi um slík lyf eru sykursýkislyf til inntöku og fenytoin (við flogaveiki).

Meðganga og brjóstgjöf

Meðganga

Gæta skal varúðar við notkun á meðgöngu. Þó skal leita ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi áður en Daktacort er notað á meðgöngu. Forðast skal að bera kremið á stór svæði á líkamanum eða undir þéttar umbúðir.

Brjóstgjöf

Ekki er vitað hvort notkun Daktacort á húð leiði til þess að hydrocortison og miconazol berist í brjóstamjólk. Þó skal leita ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi áður en Daktacort er notað á þeim tíma sem barn er haft á brjósti. Forðast skal að bera kremið á stór svæði eða undir þéttar umbúðir á þessu tímabili.

Akstur og notkun véla

Engin þekkt hætta.

Daktacort inniheldur benzósýru og bútylhýdroxýanisól

Lyfið inniheldur 2 mg/g af benzósýru. Benzósýra getur valdið staðbundinni ertingu og getur aukið hættu á gulu (gulnun húðar og augna) nýbura (allt að 4 vikna). Bútylhýdroxýanisól getur valdið staðbundnum húðviðbrögðum (t.d. snertihúðbólgu) eða ertingu í augum og slímhúðum.

3. Hvernig nota á Daktacort

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningin, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækningunni, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum.

Meðhöndlun á fótsveppum hjá fullorðnum og börnum eldri en 10 ára: Þvoið og þurrkið fæturna vandlega. Notið sérstakt handklæði fyrir sveppasýktu húðina. Þannig er komið í veg fyrir að aðrir sýkist. Berið kremið í þunnu lagi á sýkt húðsvæði og 1-2 cm út fyrir svæðið 2 sinnum á sólarhring (kvölds og morguns). Nuddið kremið inn í húðina þar til það er alveg horfið. Þvoið hendurnar alltaf eftir að kremið er borið á. Skiptið um sokka daglega. Þegar húðin er síðan orðin eðlileg að nýju skal halda meðferðinni áfram í 1 viku í viðbót hið minnsta. Þetta kemur í veg fyrir að sýkingin taki sig upp aftur. Talið við lækni ef einkennin versna eða lagast ekki á 7 dögum. Meðhöndlið ekki lengur en í 4 vikur nema að ráði læknis.

Aldraðir

Eðlileg þynning húðar verður hjá öldruðum. Því skal nota barkstera í hófi og í stuttan tíma.

Finnist þér áhrif Daktacort of mikil eða of lítil skaltu hafa samband við lækni, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðing.

Ef stærri skammtur en mælt er fyrir um er notaður

- getur komið fram erting í húð. Óþægindin hverfa yfirleitt þegar meðferðinni er hætt.
- getur það haft áhrif á allan líkamann, vegna þess að cortisonið berst inn í blóðrásina.

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður eða barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur Daktacort valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Hætta skal notkun Daktacort og hafa samband við lækni án tafar ef fram koma einhver af eftirfarandi einkennum (ofnæmisþjúgur) sem tilkynnt hefur verið um (tíðni ekki þekkt):

- þroti í andliti, tungu eða koki
- kyngingarerfiðleikar
- ofsakláði og öndunarerfiðleikar

Aðrar aukaverkanir sem tilkynnt hefur verið um:

Sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 sjúklingum): Erting í húð, sviðatilfinning í húð, ofsakláði, kláði og píringur.

Aukaverkanir sem hafa verið tilkynntar (tíðni ekki þekkt): Alvarleg ofnæmisviðbrögð (bráðaofnæmisviðbrögð), ofnæmi. Staðbundin viðbrögð svo sem útbrot, snertihúðbólga, húðroði, húðbólga, tap á litarefnum í húð. Þokusýn.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Daktacort

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum.

Fyrningardagsetningin er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymið í kæli (2°C - 8°C).

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Daktacort inniheldur

- Virku innihaldsefnin eru miconazolnítat og hydrocortison. 1 gramm af kremi inniheldur miconazolnítat 20 mg og hydrocortison 10 mg.
- Önnur innihaldsefni eru pegoxol 7 sterat (etýlenglykólmónóstearat, makrogolstearat), oleoylmacrogolglyceríðar, fljóttandi paraffín, dínatríumedetat, benzosýra (E210), bútýlhýdroxýanisól (E320) og vatn.

Lýsing á útliti Daktacort og pakkingastærðir

Daktacort er hvítt krem.

Áltúpa sem inniheldur 15 grömm af kremi.

Markaðsleyfishafi

McNeil Sweden AB, Solna, Svíþjóð.

Framleiðandi

Janssen Pharmaceutica N.V., Turnhoutseweg 30, B-2340 Beerse, Belgía.

Umboð á Íslandi

Vistor hf., sími: 535 7000.

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í ágúst 2020.